

SKÁLASVÆÐI VIÐ EMSTRUR Í RANGÁRÞINGI EYSTRÁ

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að uppbygging á skálasvæði við Emstrur í Rangárþingi eystra sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Um er að ræða svæði við Emstrur sem er á náttúruminjaskrá vegna stórbrotins og fjölbreytts landslags og vegna vinsælda sem útivistar- og ferðamannasvæði. Fyrirhugaðar framkvæmdir samkvæmt deiliskipulagi eru á svæði sem nú þegar ber merki uppbyggingar og Skipulagsstofnun telur að frekari framkvæmdir komi ekki til með að hafa veruleg sjónræn áhrif þrátt fyrir að núverandi skálar verði stækkaðir og einn nýr skáli reistur auk lagfæringa á bílastæði og tjaldsvæði. Svæðið er lítt gróið og unnt er að fjarlægja skálana og skilja við svæðið að mestu án ummerkja. Stofnunin telur einsýnt að fyrirhugaðar framkvæmdir komi til með að hafa jákvæð áhrif á ferðamenn þar sem verið er að bæta og auka við aðstöðu á svæðinu. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að til að viðhalda útivistargildi svæðisins og draga úr sjónrænum áhrifum þurfi að fella mannvirki eins og kostur er að landi og halda raski vegna framkvæmda í lágmarki eins og framkvæmdaraðili áformar samkvæmt framlögðum gögnum.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við Svæðisskipulag miðhálandisins og Aðalskipulag Rangárþings eystra 2003-2015. Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar byggingarleyfi Rangárþings eystra skv. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Ferðafélagið og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 29. júlí 2010.

INNGANGUR

Þann 5. maí 2010 tilkynnti Ferðafélag Íslands um uppbyggingu skálasvæðis við Emstrur í Rangárþingi eystra til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 12 d í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Rangárþings eystra, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Rangárþingi eystra með tölvubréfi dags. 18. júní 2010, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 4. júní 2010, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 20. maí 2010 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 4. júní 2010. Frekari upplýsingar bárust frá Ferðafélagi Íslands með tölvubréfum dags. 28. maí og 21. júní 2010.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að unnið hafi verið deiliskipulag af skálasvæði við Emstrur með það markmið að stuðla að bættri þjónustu við ferðamenn á hálendinu. Fram kemur að áætlaður fjöldi ferðamanna í skálum og á tjaldsvæði við Emstrur hafi verið á bilinu 100-150 manns á dag samarið 2009 og sé það rúmlega 40 % aukning milli ára 2008-2009. Núverandi skálar rúmi um 40 manns og því sé gríðarlegt álag á tjaldsvæðið. Fyrirhugaðar framkvæmdir séu innan tæplega 1,25 ha svæðis við Botná skammt frá ármótum Markarfljóts og Fremri- Emstruár, vestur af Entujökli og sunnan fjallvegar 261 sem liggja frá Fljótshlíð að Fjallabaksleið syðri (F210). Fram kemur að núverandi uppbygging skálasvæðis við Emstrur hafi átt sér stað frá því um 1978 án þess að legið hafi fyrir heildarskipulag fyrir svæðið. Deiliskipulaginu sé ætlað að bæta úr því en leið að tryggja að eðlileg viðbót og endurnýjun geti átt sér stað á núverandi húsakosti og aðstöðu.

Fram kemur að heildarstærð núverandi mannvirkja sé um 120 m² en geti orðið allt að 450 m² skv. deiliskipulaginu. Fram kemur að fyrirhugaðar framkvæmdir felist í stækkun þriggja skála og salernishúss sem séu á svæðinu í dag auk þess sem einum nýjum skála verði komið fyrir. Þá sé ráðgert að lagfæra tjaldstæði, m.a. slétta litlar flatir svo auðveldara sé að tjalda og styrkja gróður með áburði og uppgræðslu auk þess sem reist verði vindskýli við stæðið. Þá verði lagaðar útlínur svæðis undir bílastæði og svæðið afmarkað með böndum, steinum eða hælum til að koma í veg fyrir að umferð bifreiða fari of nálægt skálunum. Fram kemur að nýi skálinn og viðbyggingar við þá eldri verði úr viðurkenndum byggingarefnum með steypum sökkuldregurum sem hægt verði að fjarlægja án teljandi ummerkja og sé miðað við að hver skáli verði á einni hæð með risi og verði hámarks mænishæð alls 6,5 m.

Fram kemur að á svæðinu séu nú þegar skálar, rotþrær, lagnir og annað sem tilheyri skálasvæðinu. Fyrirhugaðar framkvæmdir muni ekki hafa í för með sér breytingar á grunneðli svæðisins. Útlit skálanna verði samræmt m.t.t. litavals, þakhalla og annars útlits og húsin verði reist á tiltölulega afmörkuðu svæði. Með þessu móti verði dregið úr neikvæðum sjónrænum áhrifum. Framkvæmdir á svæðinu séu hvorki taldar hafa neikvæð áhrif á yfirborðsvatn né grunnvatn. Fram kemur að bæði núverandi skálar og nýr skáli standi á gróðursnaðri malarbungu og muni því stækkun og nýbygging ekki raska gróðri. Fram kemur að fyrirhugaðar framkvæmdir muni koma til með að bæta aðstöðu fyrir ferðamenn og hafi því jákvæð áhrif fyrir þá.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Rangárþings eystra, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bendir á að ítarlegar hefði mátt fjalla um fyrirkomulag fráveitu og er í svörum framkvæmdaraðila bætt við umfjöllun um þau atriði og lögð áhersla á að kröfum í starfsleyfi verði fylgt auk þess sem samráð verði haft við heilbrigðiseftirlitið.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki komi fram umfang framkvæmda við bílastæði. Þá bendir stofnunin á að ekki komi fram hvort að stækkun mannvirkja kalli á framkvæmdir við vatnsveitu á svæðinu. Þá kemur fram í umsögn Umhverfisstofnunar að fjarskiptalofnet kunnir að verða mjög sýnilegt, sér í lagi ef um sé að ræða fjarskiptaturn og þurfi að gera frekar grein fyrir því m.a. gerð þess. Ennfremur bendir Umhverfisstofnun á að ekki komi skýrt fram hvar eigi að staðsetja fyrirhugað vindskýli á tjaldsvæðinu og mælist stofnunin til að það verði staðsett nálægt núverandi kaldvatnslögn til að koma í veg fyrir óþarfa rask á svæðinu vegna nýrra vatnslagna.

Í svörum Ferðafélagsins kemur fram að umfang framkvæmda við bílastæði sé mjög lítið og ekki þurfi að ráðast í jarðvegsframkvæmdir heldur einvörðungu að afmarka svæðið með steinum. Þá kemur fram varðandi vatnsveitu að stækkun mannvirkja kalli í sjálfu sér ekki á aukna vatnsveitu. Hins vegar hafi vatnsþrýstingur verið vandamál í Emstrum og svo geti farið að bæta þurfi við safntanki í gilinu. Ef til þess komi verði það verk unnið með handafla án vinnuvéla og sýnilegs jarðrasks og í samræmi við reglugerð nr.796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Í svörum er jafnframt tekið fram að hætt sé við að setja upp fjarskiptamastur í Emstrum en þess í stað verði stuðst við GSM búnað annarra aðila sem verið sé að koma fyrir víða á hálendinu. Fram kemur enn fremur að gerðar hafi verið breytingar á staðsetningu vindskýlis og verði því komið fyrir ofan í gilinu á tjaldsvæðinu. Vatnslögn sé þar skammt frá svo auðvelt verði að tengja lögnina við skýlið með lágmarks jarðraski eins og Umhverfisstofnun bendi á.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða uppbyggingu á skálasvæði við Emstrur í Rangárþingi eystra. Framkvæmdin felst í uppsetningu nýs skála, stækkun og endurnýjun núverandi skála, bættri snyrtiaðstöðu, afmörkun bílastæða auk lagfæringar á tjaldsvæði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 12d í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Svæðið við Emstrur er á náttúruinjakrá vegna stórbrotins og fjölbreytts landslags og vegna vinsælda sem útivistar- og ferðamannasvæði. Fyrirhugaðar framkvæmdir samkvæmt deiliskipulagi eru á svæði sem nú þegar ber merki uppbyggingar og Skipulagsstofnun telur að frekari framkvæmdir komi ekki til með að hafa veruleg áhrif m.t.t. breytinga á ásýnd svæðisins þrátt fyrir að reistur verði nýr skáli, núverandi skálar stækkaðir og lagfæringar gerðar á bílastæði og tjaldsvæði. Skálasvæðið er lítt gróið og unnt að fjarlægja skálana og skilja við svæðið að mestu án ummerkja. Stofnunin telur einsýnt að fyrirhugaðar framkvæmdir komi til með að hafa jákvæð

áhrif fyrir ferðamenn þar sem verið er að bæta og auka við aðstöðu á svæðinu. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að til að viðhalda útivistargildi svæðisins og draga úr sjónrænum áhrifum þurfi að fella mannvirki eins og kostur er að landi og halda raski vegna framkvæmda í lágmarki eins og framkvæmdaraðili áformar samkvæmt framlögðum gögnum. Skipulagsstofnun telur að ekki eigi að vera hætta á mengun af völdum frárennslis miðað við það fyrirkomulag fráveitu og hreinsunar sem fram kemur í greinargerð.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Ferðafélags Íslands við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að uppbygging á skálasvæði við Emstrur í Rangárþingi eystra sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við Svæðisskipulag miðhálandisins og Aðalskipulag Rangárþings eystra 2003-2015. Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar byggingarleyfi Rangárþings eystra skv. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Ferðafélagið og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 29. júlí 2010.

Þóroddur F. Þóroddsson

Jakob Gunnarsson